

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

### 49. fundur.

að Hlíðavegi 6, 13.jan. 2005, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

---

1. Fundarsetning.
2. Ákvörðun fasteigna- og þjónustugjalda 2005.
  - a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1955.
  - b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga.
  - c) Vatnsgjald.
  - d) Holræsagjald.
  - e) Lóðaleiga.
  - f) Sorphirðugjöld
3. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Þingeyinga 2005.
4. Fundargerð skólanefndar frá 13. desember.
5. Fundargerð bygginganefndar frá 14. desember.
6. Bréf Ferðamálafélags Mývatnssveitar, svar við erindi sveitarstjórnar frá 8. okt. um "Líf eftir Kísiliðjuna".
7. Rekstur og viðhald varmaskiptastöðvar 2005.
8. Fjárhagsáætlun 2005.

Til kynningar: Fjárhagsáætlun Sorpsamlags Þingeyninga 2005.

Bréf Vegagerðarinnar, svar við bréfi sveitarstjórnar frá 30. nóv. um vegamót þjóðvega 1 og 85.

---

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Þuríður Snæbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

#### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði viðstöddum velfarnaðar á nýju ári.

#### 2. Ákvörðun fasteigna- og þjónustugjalda 2005.

Oddviti gerði eftirfarandi tillögu um fasteigna- og þjónustugjöld áfyrir árið 2005:

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1955, 0,50% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,50% af fasteignamati.
- c) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- d) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- e) Lóðdaleiga, kr. 7,00 á m<sup>2</sup>.

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 10.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2005. Gjalddagi gjalda undir kr. 10.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2005, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

**100% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 1.500.000-  
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 2.100.000-

**80% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 1.500.000- til kr. 1.720.000-  
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 2.100.000- til kr. 2.350.000-

**50% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 1.720.000- til kr. 2.000.000-  
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 2.350.000- til kr. 2.800.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt **staðfestu afriti af skattaframtali 2005** og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

**Sorphirðugjöld:**

- A.) Íbúðir  
Sorphirðugjald kr. 13.900- á íbúð
- B.) Fyrirtæki.  
Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.  
Flokkur a) kr. 13.900-  
b) kr. 38.100-  
c) kr. 69.300-  
d) kr. 127.000-  
e) kr. 248.300-  
f) kr. 375.400-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2005, sem heimilt er samkv. lögum.

**Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.**

Álögur eru óbreyttar frá fyrra ári að öðru leyti en því að sorphirðugjöld hækka um 5% milli ára.

Þá munu heilbrigðiseftirlitsgjöld verða innheimt árið 2005 en þau nema um 885 þús. króna samkv. yfirliti Heilbrigðiseftirlits NE. Heildarkostnaður sveitarsjóðs vegna heilbrigðiseftirlits er um 1115 þús.

Samþykkt samhljóða.

**3. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Þingeyinga 2005.**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við áætlunina.

**4. Fundargerð skólanefndar frá 13. desember.**

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar.

**5. Fundargerð bygginganefndar frá 14. desember.**

Liðir 1, 2, 3, og 4 eiga við um Skútustaðahrepp.

1. liður) Oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við umsækjanda, Þórhall Kristjánsson og afgreiðslu liðarins frestað til næsta fundar.
2. liður) Þarfnast ekki ályktunar.
3. liður) Afgreiðsla bygginganefndar samþykkt.
4. liður) Þarfnast ekki ályktunar.

**6. Bréf Ferðamálafélags Mývatnssveitar, svar við erindi sveitarstjórnar frá 8. okt. um “Líf eftir Kísiliðjuna”.**

Nokkrar umræður urðu um málið. Ákveðið að óska eftir fundi með stjórn Ferðamálafélagsins um ferðamál í Mývatnssveit og möguleika til sóknar.

**7. Rekstur og viðhald varmaskiptastöðvar 2005.**

Áætlun Landsvirkjunar um rekstur og viðhald Varmaskiptastöðvar. Málinu vísað til veitnanefndar.

**8. Fjárhagsáætlun 2005.**

Fyrir fundinum liggur áætlun um rekstrarliði sveitarsjóðs 2005 miðað við óbreyttan rekstur frá fyrra ári.

Gert er ráð fyrir lækkun tekna um rúmar 18 milljónir sem er um 11%.

Þá er gert ráð fyrir aukningu gjalda um 5%.

Ljóst er að draga verður saman í rekstri þannig að tekjur standi undir gjöldum. Skrifstofu Skútustaðahrepps falið að vinna áfram að frekari útfærslu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Þuríður Snæbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.